



Í ÖRÆFUM

(1907)

Pokunni létti og útsýnið var nærri því ótrúlegt eins og draumur, en að vísu eigi draumfagurt. Í sannleika er landið hér eins og einhver þursasmíð yfir að líta. Og jötunöfl eru það líka, sem hér hafa verið að verki. Þessar fjallastrýtur þarna upp af Skaftafelli virðast stingast upp úr jökulbreiðunni eins og beinbrot út úr holdi, og litirnir minna á náhvítt og helblátt. En svona háskalega brött og eggjótt og brotaleg eru fjöllin raunar af því, að jökullinn skerðir þau að neðan, en frostið sprengir hið efra. Verður þar allt undan að láta.

Er það ólíkast, fjöll, sem standa upp úr jökli eða hafa staðið, og þau, sem jökull hefir gengið yfir; því að þar er mjög sorfið og bungótt og klappirnar minna á hvalbök; tinda og strýtur vantar. Af slíku má marka þykkt jökuls, sem nú er horfinn fyrir löngu.

Fyrir neðan Skaftafell beljar Skeiðará, leirgrá, í mörgum straumúfnum kvíslum, en lengra út frá, úti undir Ingólfshöfða, verður allt í einu flói, sem á haf sjái. Vestur að brúnahvösum Lómagnúpi breiðist sandauðnin, en upp af henni er jökulbungan, grá fyrir urðum, þegar að jaðri dregur. En við sjálfan jökuljaðarinn safnast öll urðin í meir en 100 feta háan garð. Sýlingar eru í jökulröndina, þar sem jökulhlaup hafa síðast orðið, og hækkar sandurinn þar að í aurbungum, er sýna, hver ósköp ryðjast úr jöklinum við hlaup. Bungur þessar eru til að sjá allar eins og öróttar og eru ör þau raunar allt að því 20–30

feta víðir bollar, er verða þar sem jakarnir, 60–70 feta háir, bráðna niður eftir hlaupin.

Skeiðarársandur er í Njálu nefndur Lómagnúpsandur. Mun ég auðvitað ekkert fullyrða um það, hvort þessi nafnbreyting muni stafa af því, að Skeiðarár hafi þá gætt minna en síðar. En þó virðist þetta ekki með öllu ólíklegt.

Ærið stórvirkar jarðabætur fara þarna fram, þar sem jöklarnir eru að ryðja niður fjöllumum. En árnar, sem úr jöklunum renna, skapa sandinn, sem raunar er all-stórgerð möl næst jökli; þegar miðja vega, hér um bil, er komið milli jökuls og sjávar, er mölin orðin að sandi, en leirinn, sem gráa litinn gerir á jökulvatnið, berst mest til sjávar og hleðst þar að hóglífum skelfiskum og öðrum sjávardýrum. Er sjórinn leirgrár langar leiðir út.

Býsna óbyggileg héruð eru þarna, meðan á þessum jarðabótum stendur, og það stendur lengi á þeim. En þegar jökullinn bráðnar af og landið lyftir sér dálítið í sænum, getur sandur og sjávarbotn orðið að frjósömum sveitum. Þar sem nú eru Rangárvellir, einhver fegursta sveit landsins, ef ekki spillti sandfok, var fáeinum tugum alda fyrir landnámstíð árborinn jökulsandur líkt og Skeiðarársandur. Þar sem hin skínandi Ytri-Rangá, hið fegursta vatnsfall, líður nú lygnum straumi, flæmdust áður leirgrá aurvötn um sanda.

Undarlega bregður við, þegar kemur af sandinum yfir Skeiðará, að sjá þarna fyrir neðan Skaftafell einhvern hinn fríðasta blett. Grasið er svo skrúðgrænt við gráan sandinn og fossinn bylur í djúptærum hyl bak við fagurlaufguð reynitré og prúðar bjarkir.

Einna einkennilegastur dalur í Örafum er Morsárdalurinn, með tvílitan dalflötinn. Skriðjökullinn beygist ofan í hann eins og einhver jötunvaxin naðra, sem spyr yfir hann eiturfloði, svo að ekkert nær þar að gróa. Hár malarhryggur eftir jöklinum miðjum og bogadregnar sprungur báðum megin að, hjálpa til að vekja þessa hugmynd — sem á í því skylt við sumar skáldlegar hugmyndir, að hún er ekki sem réttust, þar eð jökulvatnið er einmitt ágætt til áveitu, eins og kunnugt er, ef ekki spillir straumur. Auðsjáanlega er tæring í þessari jökulnöðru, hún væri ekki svona hrygghá annars.

Hér er víðsýnt í þessum jöklaheimi, sem er svo tunglslega bjartur og blár og ber; en það vantar augun, til að nota víðsýnið, því að hér þurfa arnaraugu. Hversu nærsýn skepna maðurinn er, finnur hann óvígða betur en upp til fjalla. Það er þó svolítill bót í máli, að hann hefir ögn betur vit á ýmsu því, sem hann sér, heldur en hin dýrin.